



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um könnun meðal grunnskólanemenda sem ekki eru í skólamat**

Á fundi skóla- og frístundaráðs 12. júní 2023, lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístafllokks Íslands fram svohljóðandi tillögu:

*Lagt er til að skóla- og frístundasvið láti framkvæma könnun meðal grunnskólanemenda í þeim tilgangi að safna gögnum um upplifun barna af því að vera ekki í skólamat. Spurningakönnunin verði sett upp af ytri aðila, en Reykjavíkurborg hefur unnið með slíkum aðilum áður við gerð spurningakannana í grunnskólum. Mikilvægt er að upplifun barna af því að hafa ekki aðgang að máltíðum í hádeginu sé kortlögð.*

### **Umsögn skóla- og frístundasviðs:**

Allir grunnskólanemendur hafa aðgang að hádegisverði í skólanum sínum en svo er það val hvers og eins nemanda og foreldra hans hvort keypt er áskrift eður ei. Til að fá fram skoðanir á gæðum og framboði skólamatar eru lagðar spurningakannanir fyrir bæði nemendur og foreldra. Sérstaklega er spurt um ástæður þess ef börn eru ekki í mataráskrift þar sem bæði er hægt að merkja við fyrirfram gefnar ástæður og jafnframt hægt að svara með „opnu svari“. Nemendur eru spurðir af ytri aðila, Skólapúlsinum, en foreldrar af skóla- og frístundasviði. Það að spyrja nemendur og foreldra um ástæður þess að börnin séu ekki í mataráskrift gefur góða mynd af upplifun þeirra af matnum í skólunum og mataráskriftum. Unnið er með þessar niðurstöður í skólunum sjálfum, á miðstöðvunum í hverfum borgarinnar og verkefnahópi matarstefnu Reykjavíkurborgar en fulltrúar úr þeim hópi vinna beint með matreiðslufólki grunnskólanna. Að því sögðu telur skóla- og frístundasvið ekki ástæðu til að gera sérstaka könnun um upplifun barna af því að vera ekki í skólamat.

### **Nemendakannanir**

Flestir skólar taka þátt í nemendakönnunum Skólapúlsins á hverju ári eða annað hvert ár. Kannanirnar eru fyrir nemendur í 6. – 10. bekk jafnt og þétt yfir árið.

Frá haustinu 2018 hafa spurningar um mótuneytisáskrift fyrir nemendur í grunnskólum í Reykjavík verið í könnuninni að ósk skóla- og frístundasviðs. Spurt er:

- Ertu í áskrift í mótuneyti skólans? (ef þú borðar nánast daglega í mótuneytinu þá ertu í áskrift). Svarmöguleikarnir eru a) Já, b) Nei og c) Veit ekki.

Ef börnin eru í mataráskrift er spurt hvernig þeim þykir maturinn og svarmöguleikar eru:

- a) oftast góður,



- b) frekar góður,
- c) hvorki góður né vondur,
- d) frekar vondur,
- e) oftast vondur
- f) borða ekki í mótuneytinu (ef þau hafa ekki hakað rétt við fyrri spurningu).

Þau börn sem segjast ekki vera í mataráskrift eru spurð af hverju þau séu ekki í mataráskrift og þeim boðið að merkja við allt sem við á. Valmöguleikarnir eru:

- a) Of dýrt,
- b) Finnst maturinn ekki góður,
- c) Kem með nesti,
- d) Vegna lífstíls- eða trúarskoðana (t.d. ef þú ert grænmetisæta, vegan eða trúarbrögð leyfa ekki ákveðinn mat)
- e) Annað, hvað? („opið svar“)

Skólarnir fá allir sínar niðurstöður til rýni sem og skóla- og frístundasvið.

Frá og með árinu í ár mun Skólapúlsinn leggja þessar spurningar fyrir alla skóla sem taka þátt á landinu öllu, ekki bara þá sem eru staðsettir í Reykjavík.

Niðurstöður þessara spurninga frá skólaárinu 2022-2023 er að finna í fylgiskjali og bent er á að prósentuhlutföll miða út frá þeim fjölda nemenda sem svarar.

Rétt er að geta þess í þessu samhengi að nemendur eiga ávallt fulltrúa í skólaráði. Þar hafa þeir tækifæri til að koma sjónarmiðum samnemenda sinna á framfæri varðandi matinn í skólanum sem og önnur málefni sem nemendum þykja mikilvæg.

### **Foreldrakannanir**

Foreldrar barna í grunnskólum fá senda viðhorfskönnun frá skóla- og frístundasviði annað hvert ár og fara spurningar um mataráskrift út til úrtaks foreldra. Síðasta viðhorfskönnun var send út í febrúar 2022 og fer næst út í febrúar 2024.

Ef barnið er ekki skráð í mataráskrift er spurt hver ástæðan fyrir því sé. Merkja má við allt sem við á og því gefa upp fleiri ástæður en eina fyrir því að barnið er ekki í mataráskrift. Svarmöguleikar eru:

- a) Barninu finnst maturinn ekki góður,
- b) Maturinn er of dýr,
- c) Barnið er grænmetisæta (vegan)
- d) Úrvalið ekki mikið/nægjanlegt,
- e) Vegna trúarskoðana
- f) Aðrar ástæður, hverjar? („opið svar“)

Niðurstöðurnar eru þær að mikill meirihluti barna er í mataráskrift. Af þeim sem ekki eru í mataráskrift eru uppgefnar ástæður fyrst og fremst matvæðni barnanna, maturinn ekki nægjanlega góður og/eða hollur eða vegna sérþarfa barnanna. Aðeins eitt foreldri tiltók fjárhagsástæður.

Í viðhengi er hægt að lesa meira um niðurstöður könnunarinnar og bent er á að prósentuhlutföll miða út frá þeim fjölda foreldra sem svara.


# Mataráskrift

Niðurstöður úr spurningum til nemenda um mataráskriftir.

Úr fyrirlögn skólapúlsinn skólaárið 2022-2023

## 1. Mataráskrift


Nemendur í 6. - 10. bekk voru spurðir út í hvort þeir væru í mataráskrift og til skýringar var tekið fram; ef þú borðar nánast daglega í mötuneytinu þá ertu í áskrift.



● Já ● Nei ● Veit ekki


## 2. Hvernig finnst þér maturinn?

Þeir nemendur sem eru í mataráskrift eru spurðir Hvernig finnst þér maturinn sem þú færð í skólanum en valmöguleikanum borða ekki í mötuneytinu bætt við fyrir þá nemendur sem merktu ekki rétt við fyrri spurningu.



## 2. Af hverju ertu ekki í mataráskrift?

Þeir nemendur sem eru ekki í mataráskrift voru spurðir af hverju ekki og gefin sá möguleiki að merkja við allt sem átti við. Þeir 774 nemendur sem ekki sögðust vera í mataráskrift gáfu samtals upp 975 ástæður.



## 3. Aðrar ástæður

179 nemendur gáfu upp aðrar ástæður. Nemendurnir (45) svöruðu því að maturinn væri vondur, að þeir væru ekki svangir eða nenntu ekki að borða (23), meðan aðeins færri sögðust matvandir (15) eða með ofnæmi (14). Margir sögðust borða heima og/eða búa nálægt (24). Eitthvað var um óánægju og vanlíðan með matsalinn, læti og óprifnað (11). Tveir nemendur sögðu matinn vera bæði vondan og dýran.




# Mataráskrift

Ástæður sem foreldrar gáfu fyrir því að börn þeirra væru ekki í mataráskrift - Úr viðhorfskönnun frá febrúar 2022


## 1. Mataráskrift

Úrtak foreldra í grunnskólum borgarinnar var spurt að því hvort að börn þeirra væru í mataráskrift. Niðurstöður fyrir Reykjavík eru vigtaðar til að gefa stærri skólanum meira vægi. Úrtökin eru tekin af handahófi og eiga því að endurspegla þýðið.




## 2. Ástæður ekki í mataráskrift

Ef barnið er ekki skráð í mataráskrift var spurt hver ástæðan væri fyrir því að barnið væri ekki í mataráskrift. Merkja mátti við allt sem átti við og því gefa upp fleiri ástæður en eina fyrir því að barnið er ekki í mataráskrift. Af þeim 389 sem svörðu að barnið væri ekki í mataráskrift voru gefnar 443 ástæður




## Af heild

Úrtak foreldra í grunnskólum borgarinnar var spurt að því hvort að börn þeirra væru í mataráskrift. Þetta hlutfall endurspeglar hlutfallið í borginni í heild.



## 3. Aðrar ástæður

72 foreldrar gáfu upp aðrar ástæður. Flestir svörðu því að barnið væri matvant og/eða neitaði að borða matinn í mótuneytinu án þess að gefa ástæður. Af þeim sem ekki voru í mataráskrift sögðu 11% að maturinn væri of dýr en það samsvarar að 1,3% af öllum foreldrum finnst maturinn of dýr.



## Niðurstöður

Meirihluti barna er í mataráskrift. Af þeim sem ekki eru í mataráskrift eru uppgefnar ástæður fyrst og fremst matvendni barnanna, maturinn er ekki nægjanlega góður og/eða hollur eða vegna sérþarfa barnanna. Aðeins einn tiltók fjárhagsástæður.